Samþykktir Eldingar á aðalfundi 2012.

1. **Aðalfundur Eldingar samþykkir að stærðarmörkin verði óbreytt.**

2. **Aðalfundur Eldingar leggur til að VS afla verði hægt að skipta í þrennt – 40% fari í Avs, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánafnað líknarsamtökum, góðgerðarsamtökum eða styrktarsjóðum 40%**

3. **Aðalfundur Eldingar leggur til að skorað verði á ráðherra sjávarútvegsmála að auka nú þegar við ýsukvótann að lágmarki upp að 50.ooo tonnum.**

4. **Aðalfundur Eldingar leggur til að Makrílpottur til handa handfærabátum verði stóraukinn**

5. **Strandveiðikerfi til Framtíðar;**
   - **4 dagar í viku**
   - **Hver dagur 14 klst**
   - **650 þorskígildis kíló að hámarki hvern dag**
   - **4 rúllur hver bátur**
   - **4 mánuðir á ári**
   - **Veiðitímabil: maí – ágúst**
   - **Svæðaskipting verði óbreytt**
   - **Að afli í strandveiðikerfinu verði utan aflahlutdeildar**

6. **Aðalfundur Eldingar vill að grásleppútímabilið verði fært í fyrra horf sem er frá 15.mars til 1.júlí**

7. **Elding leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum séu þeir rétt merktir(Nokkurs misræmis hefur gætt hvað menn mega nota, virðist fara eftir hvaða eftirlitsmann hittist á, rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.)**

8. **Elding leggur tilað netafjölda per mann við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við breyttar aðstæður við veiðarnar (Flestir bátar komnir með niðurleggjara og nú eru margir farnir að láta slægja í landi þannig að vinnan á sjónum hefur minnkað til muna) Tillagan miðar við að heildarnetafjöldinn yrði óbreyttur en að 2 menn miðist við 150 löng net í stað 3. Ef látið er slægja í landi og að um borð sé spil með afdragara og niðurleggjari.**

9. **Aðalfundur Eldingar leggur til að Skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.**

10. **Aðalfundur Eldingar leggur til að fallið verði frá lækkun Steinbítskvóta.**

11. **Aðalfundur Eldingar leggur til að leyft verðiað taka 15% af kvóta næsta árs, eins og það er leyft að flytja 15 % á næsta ár.**